

ÚTHAFSKARFI, EFRI STOFN – SHALLOW PELAGIC BEAKED REDFISH *Sebastes mentella*

RÁÐGJÖF – ADVICE


Alþjóðahafrannsóknaráðið ráðleggur í samræmi við varúðarsjónarmið að ekki skuli stunda beinar veiðar úr efri stofni úthafskarfa árin 2020 og 2021.

ICES advises that when the precautionary approach is applied, no directed fishery should be conducted in each of the years 2020 and 2021.

STOFNÞRÓUN – STOCK DEVELOPMENT

Heildarvísitala efri stofns úthafskarfa í alþjóðlegum karfaleiðangri gáfu til kynna að stofnstærð hefði minnkað úr 2.2 milljónum tonna árið 1994 í um 91 þús. tonn árið 2013. Engar mælingar eru til fyrir árin 2014–2018.

The biomass index from the acoustic surveys in 2013 indicated that the stock had declined to less than 5% of the estimates at the beginning of the survey time-series in the early 1990s. No survey biomass estimates are available after 2013.



Úthafskarfi, efri stofn. Afli og lífmassavísitala úr alþjóðlegum karfaleiðangri í Grænlandshafi.

Shallow pelagic beaked redfish: Catches and biomass index from the International redfish survey in the Irminger Sea and adjacent waters.

STOFNMAT OG GÁTMÖRK – BASIS OF THE ASSESSMENT AND REFERENCE POINTS

Forsendur ráðgjafar <i>Advice basis</i>	Varúðarnálgun <i>Precautionary approach</i>
Aflaregla <i>Management plan</i>	Ekki hefur verið sett aflaregla fyrir þennan stofn <i>There is no management plan for this stock</i>
Stofnmat <i>Assessment type</i>	Byggt á tímaháðum breytingum í stofnmælingum <i>Trends in biomass indicators</i>
Inntaksgögn <i>Input data</i>	Afli og vísitölur úr alþjóðlegum karfaleiðangri <i>Commercial catches (international landings); one survey index (International Trawl and Acoustic Survey)</i>

Engin gátmörk hafa verið skilgreind fyrir efri stofn úthafskarfa.

No reference points are defined for this stock.

HORFUR – PROSPECTS

Vegna mjög neikvæðrar þróunar á stofnstærð efri stofns úthafskarfa hefur ICES ráðlagt, frá árinu 2010, að ekki skuli stunda beinar veiðar úr stofninum.

The stock is at a very low level and there is no information on exploitation rates. ICES has therefore advised since 2010, on the basis of the precautionary approach, that no directed fishery should be conducted.

GÆÐI STOFNMATS – QUALITY OF ASSESSMENT

Stofnstærð efri stofns úthafskarfa var mæld með bergmálmælingum árin 1991–2013. Í leiðöngrunum 2015 og 2018 reyndist ekki mögulegt að fara yfir útbreiðslusvæði stofnsins. Árið 2015 drógu Rússar sig út og árið 2018 drógu Ísland og Þýskaland sig út úr stofnmælingarleiðöngrunum. Ekki er unnt að fara yfir útbreiðslusvæði efri stofns úthafskarfa á einungis einu eða tveimur skipum. Næsti leiðangur er áætlaður sumarið 2021.

The assessment would benefit from consistent survey coverage and a recruitment index. There is no index of stock size since 2013. In 2015, Russia cancelled its participation in the survey and in 2018 Iceland and Germany cancelled participation. No alternatives could be arranged to make up for the corresponding loss in survey coverage. The geographical distribution of the shallow pelagic beaked redfish stock was therefore not covered. The next survey is scheduled in June/July 2021.

AÐRAR UPPLÝSINGAR – OTHER INFORMATION

ICES veitti ekki ráðgjöf fyrir árið 2019. Ráðgjöf fyrir árin 2020 og 2021 er sú sama og var veitt árið 2018. Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndin (NEAFC) fer með stjórnun veiðanna en ICES veitir ráðgjöf. NEAFC hefur frá árinu 2011 samþykkt að engin veiði yrði úr efri stofni úthafskarfa þar sem ástand stofnsins er talið mjög slæmt. Rússar hafa mótmælt samkomulaginu og sett sér einhliða aflamark sem nær til beggja stofna úthafskarfa. Afli hefur því verið umtalsvert meiri en ráðgjöf.

There is no ICES advice for 2019. The advice for 2020 and 2021 is the same as the advice given for 2018. Shallow pelagic beaked redfish is managed by North East Atlantic Fisheries Commission (NEAFC) but ICES is the advisory body. NEAFC has since 2011 agreed that no fishery should be conducted because of poor state of the stock. The Russian Federation objected this agreement and has decided on a unilateral quota since 2011 that considered both redfish management units (shallow and deep pelagic beaked redfish) as a single stock. Catches of shallow pelagic beaked redfish have for this reason exceed recommended TAC significantly.

RÁÐGJÖF, AFLAMARK OG AFLI – ADVICE, TAC AND CATCH

Úthafskarfi, efri stofn. Tillögur Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) um hámarksafla, heildaraflamark íslenskra skipa samkvæmt ákvörðun stjórnvalda og afli (þús. tonn).

Shallow pelagic beaked redfish. TAC recommended by ICES, national TAC and landings (thous. tonnes).

Ár Year	Tillaga Recommended TAC	Aflamark fyrir Ísland National TAC	Afli Íslendinga Landings (Iceland)	Afli annarra þjóða Landings (others)	Heildarafli Total landings
2010	Engin bein sókn	0	22	2 176	2 198
2011	Engin bein sókn	0	72	162	234
2012	Engin bein sókn	0	28	3 145	3 173
2013	Engin bein sókn	0	72	1 457	1 529
2014	Engin bein sókn	0	355	6 068	6 423
2015	Engin bein sókn	0	161	5 434	5 595
2016	Engin bein sókn	0	235	1 732	1 967
2017	Engin bein sókn	0	91	10	101
2018	Engin bein sókn	0	0	4 599	4 599
2019	Engin ráðgjöf veitt	0			
2020	Engin bein sókn				
2021	Engin bein sókn				

HEIMILDIR OG ÍTAREFNI – REFERENCES AND FURTHER READING

ICES. 2019. North Western Working Group (NWWG). ICES Scientific Reports. 1:14. 605 pp. <http://doi.org/10.17895/ices.pub.5298>